



Skaftárhreppur, kt. 480690-2069, Klausturvegi 4, 880 Kirkjubæjarklaustri og Björgunarsveitin Kyndill, kt. 500383-0979, Iðjuvöllum 5, 880 Kirkjubæjarklaustri, í samningi þessum nefnd Kyndill, sameiginlega nefndir aðilar, gera með sér svofelldan:

## Samning

### 1. gr.

#### *Markmið:*

Skaftárhreppur styrkir Kyndil til að halda úti björgunarstarfsemi í Skaftárhreppi.

### 2. gr.

#### *Skyldur Kyndils:*

Kyndill skal standa fyrir áramótabrennu og flugeldasýningu á Kirkjubæjarklaustri hver áramót.

Kyndill skal skipta um ártal á ljósaskilti við Kirkjubæjarklaustur hver áramót.

Halda úti rekstri Kyndils með tilheyrandi búnaði í því skyni að auka öryggi íbúa svæðisins.

### 3. gr.

#### *Skyldur Skaftárhrepps:*

Árlegur rekstrarstyrkur til viðhalds, rekstrar, kaupa á búnaði og vegna brennu og flugeldasýningar á gamlárskvöld að upphæð kr. 600.000 í fjórum greiðslum 1.febrúar, 1.maí, 1.ágúst og 1.nóvember.

Skaftárhreppur skal fella niður árlega, fasteignagjöld af húsnæði, Kyndils.

### 4. gr.

#### *Tengiliðir:*

Skaftárhreppur: Sveitarstjóri, hvers tíma.

Kyndill: Formaður, hvers tíma.

### 5. gr.

#### *Framsal:*

Aðila er óheimilt að framselja réttindi á grundvelli samningsins nema að fengnu skriflegu samþykki gagnaðila.



## 6. gr.

### *Ábyrgðartakmarkanir:*

Bótaskylda aðila innan samnings þessa takmarkast við beint tjón sem gagnaðili hefur orðið fyrir.

## 7. gr.

### *Gildistími:*

Samningur þessi gildir 3 ár frá og með undirritun samnings þessa.

## 8. gr.

### *Uppsögn og riftun:*

Hægt er að segja upp samningi þessum með 3 mánaða fyrirvara. Hvorum aðila er heimilt að rifta samningi þessum ef um verulega vanefndir er að ræða. Riftunin skal vera skrifleg, rökstudd og send gagnaðila með sannanlegum hætti. Riftun skal miðast við næstu mánaðamót eftir að riftunarlýsing hefur verið send. Að öðru leyti gilda almennar reglur kröfuréttarins.

## 9. gr.

### *Varnarþing:*

Ef upp koma mál vegna ágreinings um framkvæmd samnings þessa sem ekki er mögulegt að leysa með samkomulagi beggja skal reka málið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Kirkjubæjarklaustri, 3. janúar 2023

---

*F.h. Skaftárhrepps  
Einar Kristján Jónsson  
sveitarstjóri*

---

*F.h. Björgunarsveitarinnar Kyndils  
Viðar Björgvinsson  
formaður*